

6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Áfengisvarnir.
9. Geðvernd.
10. Almennar sjúkdómavarnir.

## 3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Selfoss skipa 3 menn, 1 læknir, skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður stjórnarinnar, og 2 menn kosnir af oddvitanefnd læknishéraðsins. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórna.

Stjórnin annast rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna, og skulu fundargerðir stjórnar lagðar fyrir oddvitafund til staðfestingar. Stjórn heilsuverndarstöðvarinnar skipuleggur alla starfsemi stöðvarinnar og ákveður um framkvæmdir og störf samkv. 2. gr.

Stjórnin ræður starfslíð að stöðinni eftir því sem þörf krefur, og ráða má hjúkrunarkonu eða ljósmóður að stöðinni til þess að sjá um daglegan rekstur undir umsjón lækna stöðvarinnar og stjórnar hennar.

## 4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar, fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44 1955.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44 1955, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

16. desember 1970.

Nr. 282.

## S A M Þ Y K K T

### um hundahald í Súðavíkarkauptúni í N.-Ísafjarðarsýslu.

## 1. gr.

Bannað er hundahald í Súðavíkarkauptúni nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

## 2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum, er hún setur, er fullnægt, en þó mega hundar aldrei vera úti að næturlagi, er truflað geta svefn manna og raskað næturro. Einnig skal þess gætt, að hundar hafi ekki truflandi áhrif á eðlilega umferð um þorpið.

## 3. gr.

Hreppsnefnd getur afturkallað veitt leyti til hundahalds hvenær sem er, ef hún telur ástæður til og skilyrðum, er hún setur, hefur ekki verið fullnægt.

## 4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 1970.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Jón Ingimarsson.*

## **REGLUGERÐ**

### **um Hitaveitu Dalvíkur.**

## I. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

## Gildissvið.

## 1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

## Stjórn Hitaveitu.

## 2. gr.

Hitaveita Dalvíkur er eign Dalvíkurhrepps. Hreppsnefnd Dalvíkur fer með stjórn Hitaveitu Dalvíkur. Um daglegan rekstur hitaveitunnar fer eftir samþykktum hreppsnefndar hverju sinni. Þegar þörf þykir á, að mati hreppsnefndar, skal ráðinn sérstakur hitaveitustjóri, en þar til hann verður ráðinn skal verkfræðingur hreppsins fara með störf hans.

## Einkaleyfi Hitaveitu.

## 3. gr.

Hitaveita Dalvíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Dalvíkurhrepps.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

## Utanhússlagnir.

## 4. gr.

Hreppsnefnd (hitaveitustjóri) lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. málsg. 3. gr.

## 5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitustjóri þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.